

Alþingi  
Erindi nr. P 133/1036  
komudagur 19.2.2007



**RANNSÓKNIR & GREINING**

Ofanleiti 2, 5. hæð – 103 Reykjavík  
sími 599 6431 – netfang rannsoknir@rannsoknir.is

Alþingi  
Nefndasvið  
150 Reykjavík

Reykjavík 13. febrúar 2007

Umsögn um frumvarp til æskulýðslaga sem lagt er fyrir 133. löggjafarþing  
2006 til 2007

Rannsóknnum og greiningu (R&G) hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar. Svo sem rakið er í athugasemdum byggir frumvarpið að meginstefnu til á tillögum nefndar sem þáverandi menntamálaráðherra skipaði á haustmánuðum 2003. Felur það í sér heildarendurskoðun á gildandi löggjöf um æskulýðsmál. Í athugasemdum með frumvarpinu er ítarlega vikið að þróun æskulýðsmála í seinni tíð hér á landi. Þá er fjallað um áherslur í þessum málaflokki á erlendri grundu og þátttöku af Íslands hálfu á þeim vettvangi. Hið nýja frumvarp er vel úr garði gert og rammur inn grunnþætti á þessu sviði sem mestu skipta við skipulag æskulýðsmála. Er lýst ánægju með þessi atriði og fyrirkomulagi þeirra.

VI. kafli frumvarpsins ber yfirskriftina Æskulýðsrannsóknir. Er það fyrst og fremst ætlunin að víkja að þessum kafla frumvarpsins í ljósi þess að R&G hefur á liðnum árum fyrst og fremst unnið á sviði æskulýðsrannsókna. Er í athugasemdum gerð grein fyrir samstarfi R&G og menntamálaráðuneytisins á liðnum árum og samstarfssamningi um framhald æskulýðsrannsókna sem bera yfirskriftina Ungt fólk. Í tilefni þessa vill R&G koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri.

Í frumvarpi til æskulýðslaga sem nú er til umfjöllunar kemur fram að menntamálaráðuneytið áformar, skv. samningi milli aðila, að halda áfram því góða samstarfi sem það hefur átt við R&G undanfarin ár um rannsóknir meðal ungs fólks á Íslandi. Markmið rannsóknanna er að styrkja faglegan grundvöll stefnumótunar í málefnum ungs fólks og auka virka þátttöku

þeirra í samfélaginu. Nú þegar eru rannsóknir þessar lykilverkfæri þeirra sem starfa að málefnum barna og ungmenna í landinu og á það jafnt við um sveitarfélög, æskulýðs- og íþróttafélög, ráðuneyti, skóla, fagfélög og aðra. Á árunum 1992 til 1998 var starfi þessu vel sinnt á Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála. Er RUM var breytt í Námsmatsstofnun árið 1998 var R&G sett á laggirnar, í þeim tilgangi að halda áfram þessum rannsóknum og þeirri þjónustu við sveitarfélögin í landinum, sem sinnt hafði verið á RUM. Afar mikilvægt er að mæla reglulega, og með sambærilegum hætti milli ára, þá lykilþætti er varða velferð barna og ungmenna til að hægt sé að bregðast við þróun og breytingum á högum þeirra hverju sinni. Slíkar mælingar eru sveitarfélögunum í landinu nauðsynlegar og byggja þau í æ ríkari mæli stefnumótun sína í málefnum ungs fólks á niðurstöðum slíkra rannsókna.

Í nútímasamfélagi eru æskulýðsrannsóknir sífellt mikilvægari þáttur í velferð ungs fólks. Slíkar rannsóknir ná yfir flest það sem viðkemur lífi og högum ungmenna, s.s. æskulýðs- og íþróttamál, menningarstarfsemi, skólastarf og áhættuhegðun. Hröðum samfélagsbreytingum undanfarinna ára hafa fylgt miklar breytingar á félagsgerð grenndarsamfélagsins sem kallar á aukna þörf á staðbundinni kortlagningu á lífi og högum ungmenna. Með breytingum þessum sækja fleiri hættur og nýjungar en áður að ungu fólki og þeim fylgja auknar freistingar.

Það er einkum tvennt sem stendur upp úr varðandi þessar rannsóknir. Annars vegar er mjög mikilvægt fyrir æskulýðsmál í heild sinni og velferð ungmenna að ríkja skuli langtíma samstarfssamningur um veitingu slíkrar þjónustu. Slíkur samningur kveður á um að sveitarfélög, og aðrir þeir sem nýta sér rannsóknarniðurstöðurnar, vita að hverju þeir ganga hverju sinni og niðurstöður eru settar fram með sambærilegum hætti ár frá ári. Þannig má greina þróun yfir tíma, hvort vel hafi gengið í tilteknum málaflokkum og hvort breyta þurfi áherslum í málefnum ungs fólks frá byggðarlagi til byggðarlags.

Hins vegar skiptir ekki minna máli hið svokallaða þjónustuhlutverk rannsóknaraðilans. Menntamálaráðuneytið og starfsfólk R&G hafa lagt á það áherslu að hér sé ekki aðeins um rannsóknir að ræða heldur þjónustu við þá er vinna með rannsóknirnar hver á sínum stað. R&G lítur fyrst og fremst á sig sem einn hlekk af mörgum í keðju sem ætlað er að stuðla að bættri heilsu og líðan ungmenna í sveitarfélögum landins. Á ári hverju halda fulltrúar


R&G kynningar og fyrirlestra víðs vegar um landið og kynna niðurstöður þessara rannsókna í því horfi er sveitarfélögin óska sjálf eftir. Starfsfólk R&G er fulltrúum sveitarfélaga að auki til ráðgjafar um atriði er varða úrbætur og/eða breytingar á stefnumótun í málum er varða ungt fólk. Heimsóknir starfsfólks R&G til sveitarfélaga landsins skipta nú tugum á ári hverju og er oft farið tvisvar og jafnvel þrisvar á hvern stað til að fylgja niðurstöðum eftir. Einstaka viðvik, eins og sértækar greiningar á tilteknum þáttum, eru oft gerðar fyrir samstarfsaðila. Með þessari þjónustu, og fyrir tilstuðlan menntamálaráðuneytisins, hefur R&G byggt upp einstaklega gott samstarf við sveitarfélögin í landinu sem skilað hefur sér í langtíma samstarfssamningum við allflest þeirra, eða sveitarfélög sem innihalda um 85% landsmanna.

Af hálfu R&G er lögð áhersla á að gögn þau sem til verða á grundvelli samstarfssamnings menntamálaráðuneytisins og R&G séu vel nýtt af fræðimönnum, bæði innlendum og erlendum. Niðurstöður rannsókna eru nú orðnar fjölmargar og bera þær vott um það góða starf er unnið hefur verið á þessum vettvangi. Í fylgiskjali getur að líta dæmi um skýrslur sem ritaðar hafa verið á undanförunum árum. Þá hafa gögn þessi skapað grunn að talsvert yfirgripsmiklum alþjólegum rannsóknum. Í fylgiskjali getur að líta dæmi um bækur og greinar sem birtar hafa verið eða fengist hafa samþykktar í erlend, ritrýnd tímarit. Þess má geta að starfsfólk R&G er í virku samstarfi við fræðimenn beggja vegna Atlantshafs um ritun greina úr gögnunum.

Í upphafi árs 2005 flutti R&G starfssemi sína til Háskólans í Reykjavík og gegnir nú hlutverki rannsóknarseturs Kennslufræði- og lýðheilsudeildar skólans. Á grundvelli samstarfssamnings R&G og Háskólans í Reykjavík hafa nemendur við Kennslufræði- og lýðheilsudeild skólans aðgang að þessu mikla gagnasafni til að vinna úr þeim verkefni tengd náminu. Hafa fjölmargir nemendur nú þegar nýtt sér þennan samstarfssamning og er verið að vinna mörg áhugaverð verkefni upp úr gögnum þessum sem munu án nokkurs vafa nýtast vel í vinnu að bættri lýðheilsu, ekki síst hjá ungmönnum.

Það er von R&G að frumvarp það til æskulýðslaga, sem nú er til meðferðar í þinginu, verði til að stuðla enn frekar að betri líðan æsku landsins.

Virðingarfyllst,



Álfgeir Logi Kristjánsson  
Rannsóknarstjóri R&G

## **Viðauki: Valdar rannsóknarskýrslur Rannsókna & greiningar 2003-2007**

### **2007**

**Ungt fólk: Menntun, menning, tómstundir og íþróttaiðkun ungmenna á Íslandi**

**Hagir og líðan ungs fólks í Reykjavík**

**Hagir og líðan ungs fólks í Reykjanesbæ**

**Hagir og líðan ungs fólks í Hafnarfirði**

**Hagir og líðan ungs fólks í Kópavogi**

**Hagir og líðan ungs fólks í Garðabæ**

**Hagir og líðan ungs fólks í Mosfellsbæ**

**Hagir og líðan ungs fólks í Fjarðarbyggð og á Fljótsdalshéraði**

**Hagir og líðan ungs fólks á Akureyri**

**Hagir og líðan ungs fólks á Ísafirði**

**Hagir og líðan ungs fólks í Rangárþingi**

**Hagir og líðan ungs fólks á Seltjarnarnesi**

### **2006**

**Líðan barna: Rannsókn meðal barna í 5. til 7. bekk á Íslandi**

**Líðan barna: Rannsókn meðal barna í 5. til 7. bekk á Akureyri**

**Líðan barna: Rannsókn meðal barna í 5. til 7. bekk í Mosfellsbæ**

**Líðan barna: Rannsókn meðal barna í 5. til 7. bekk í Reykjanesbæ**

**Vímuefnanotkun unglunga í 9. og 10. bekk í Reykjavík**

**Vímuefnanotkun unglunga í 9. og 10. bekk í Hafnarfirði**

**Vímuefnanotkun unglunga í 9. og 10. bekk í Garðabæ**

**Vímuefnanotkun unglunga í 9. og 10. bekk á Akureyri**

**Vímuefnanotkun unglunga í 9. og 10. bekk á Ísafirði**

**Vímuefnanotkun unglunga í 9. og 10. bekk í Rangárþingi**

**Vímuefnanotkun unglunga í 9. og 10. bekk á Seltjarnarnesi**

**Vímuefnanotkun unglunga í 9. og 10. bekk í Kópavogi**

## **2005**

Ungt fólk. Menntun, menning, tómstundir, íþróttaiðkun og framtíðarsýn íslenskra ungmenna

Vímuefnaneysla meðal framhaldsskólanema á Íslandi

Notkun lyfja, tóbaks og fæðubótaefna meðal ungs fólks á Íslandi

Félagslegir bakgrunnspættir og viðhorf ungmenna til nýbúa á Íslandi

Vímuefnaneysla framhaldsskólanema í Vestmannaeyjum

Vímuefnaneysla framhaldsskólanema á Ísafirði

Vímuefnaneysla framhaldsskólanema í Reykjanesbæ

Vímuefnaneysla framhaldsskólanema í Árborg

Vímuefnaneysla framhaldsskólanema á Akureyri

Tölvuleikjanotkun barna á Íslandi

Hagir og líðan barna í Rangárfingi

## **2004**

Líðan nemenda í 7. og 8. bekk eftir mismunandi samsetningu skóla í Kópavogi  
Kynjamunur í skólastarfi

Hagir og líðan ungs fólks í Reykjanesbæ

Hagir og líðan ungs fólks í Hafnarfirði

Hagir og líðan ungs fólks í Árborg

Hagir og líðan ungs fólks á Akureyri

Vímuefnaneysla ungs fólks á Suðurfjörðum

Vímuefnaneysla ungs fólks á Seltjarnarnesi

Vímuefnaneysla ungs fólks á Akureyri

Vímuefnaneysla ungs fólks á Vestfjörðum

Vímuefnaneysla í grunnskólum á norðanverðum Vestfjörðum

Þróun vímuefnaneyslu ungmenna á Húsavík

Jaðariþróttir og áhættuhegðun ungmenna

Um gildi tónlistarstarfs fyrir íslensk ungmenni

Mat á starfi Brúarskóla

Áhættuhegðun ungra ökumanna

## 2003

Ungt fólk 2003: Menntun, menning, tómstundir og íþróttaiðkun íslenskra unglínga

Hagir og líðan ungs fólks í Vestmannaeyjum

Hagir og líðan ungs fólks í Hafnarfirði

Hagir og líðan ungs fólks í Garðabæ

Vímuefnaneysla og hagir ungs fólks á Ólafsfirði

Vímuefnaneysla og hagir ungs fólks á Dalvík

Vímuefnaneysla ungmenna á Íslandi

Vímuefnaneysla ungmenna í fjarðarbyggð

Vímuefnaneysla ungmenna í Reykjavík

Vímuefnaneysla ungmenna á Akranesi

Vímuefnaneysla ungmenna í Hafnarfirði

Vímuefnaneysla ungmenna í Kópavogi

Vímuefnaneysla ungmenna í Garðabæ

Vímuefnaneysla ungmenna á Austur-Héraði

Vímuefnaneysla ungmenna á Hornafirði

Mat á ungmennaáætlun ESB: Youth in Europe

Rannsókn á trúariðkun íslenskra ungmenna

Utanskólarannsókn meðal ungs fólks á framhaldsskólaaldri

Líðan nemenda í 5. til 7. bekk í Reykjavík

Notkun söfnunarkassa meðal ungs fólks á Íslandi

Vændi meðal ungs fólks á Íslandi

Viðhorf til stærðfræðináms í Reykjavík

## Bækur og ritrýndar greinar unnar á R&G og á RUM:

### Ritrýndar greinar

---

2007

Inga Dora Sigfusdóttir, Alfgeir L. Kristjánsson and John P. Allegrante. Health Behaviour and Academic Achievement in Icelandic School Children. *Health Education Research*, 22, 70-80.

Inga Dora Sigfusdóttir, Thorolfur Thorlindsson and Thoroddur Bjarnason. Religion: Divine Support and Strain (accepted for publication in *Social Compass*).

Thorolfur Thorlindsson Thoroddur Bjarnason and Inga Dora Sigfusdóttir. Individual and Community Processes of Social Closure: A Study of Adolescent Academic Achievement and Alcohol Use

(accepted for publication in *Acta Sociologica*).

2006

Gisli H. Gudjonsson, Jon Fridrik Sigurdsson, Bryndis Björk Asgeirsdottir and Inga Dora Sigfusdottir. Custodial Interrogation and False Confession. A National Survey among Icelandic Youth. *Personality and Individual Differences*, 41. 49-59.

Gisli H. Gudjonsson, Jon Fridrik Sigurdsson, Bryndis Björk Asgeirsdottir and Inga Dora Sigfusdottir. Custodial Interrogation: What are the background Predictors of False Confession? (Accepted for publication in *Personality and Individual Differences*).

Alfgeir L. Kristjansson, Inga Dora Sigfusdottir and John. P. Allegrante. Academic Achievement among Adolescents: The Relationship and Impact of Body Mass index, Health Behaviors, and Self-Esteem (under review in *Health Education & Behavior*).

2005

Thoroddur Bjarnason, Thorolfur Thorlindsson, Inga Dora Sigfusdottir and M.R. Welch. Familial and Religious Influences on Adolescent Alcohol Use: A Multi-Level Model of Students and School Communities. *Social Forces*, 84 (1): 375-390.

2004

Inga Dora Sigfusdottir, George Farkas and Eric Silver. The Role of Depressed Mood and Anger in the Relationship between Family Conflict and Delinquent Behavior. *Journal of Youth and Adolescence*, 33 (6): 509-522.

2003

Staða stúlkna og pílta í íslenskum grunnskólum. (Out of school effects on gender differences in school achievement). *Samfélagstíðindi*, pp. 47-57. Reykjavík

Forthcoming:

Inga Dora Sigfusdottir and Alfgeir L. Kristjansson. Parental Influences on Academic Achievement among Icelandic Adolescents (forthcoming).



Inga Dora Sigfusdottir, Bryndis Björk Asgeirsdóttir, Gisli H. Gudjonsson and Jon Fridrik Jonsson). Trends in depression, anxiety and visits to health care specialists: A population study among Icelandic adolescents (forthcoming).

## **Bækur**

1999

Thorolfur Thorlindsson, Inga Dora Sigfusdottir, Kjartan Olafsson and Vidar Halldorsson.

Tómstundaiðkun íslenskra unglinga; Niðurstöður rannsókna á tómstunda-iðkun íslenskra unglinga í félagslegu samhengi. Young People's Lifestyle and Leisure Activities, 230 pp. Reykjavik.

1998

Thorolfur Thorlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jon Gunnar Bernburg og Vidar Halldorsson.

Vímuefnaneysla ungs fólks: Umhverfi og aðstæður. The Social Circumstances of Substance Use among Icelandic Adolescents. Icelandic Institute for Educational Research, 184 pp.

1994

Thorolfur Thorlindsson, Thorlakur Karlsson and Inga Dora Sigfusdottir. Um gildi íþróttar fyrir íslensk ungmenni. The Social Context of Sport Participation among Youth in Iceland. Icelandic Institute for Educational Research. 161 pp.